

Dreifibréf 01/2008/LS

Lyf til nota í starfi lækna

Að gefnu tilefni vill Lyfjastofnun árétta að heilbrigðisstofnanir og læknastofur hafa ekki heimild til að selja lyf á smásöluverði sem gefin eru sjúklingum í tíma hjá lækni.

Lyfjastofnun hafa borist nokkrar ábendingar og fengið afrit af reikningum þar sem fram kemur að læknastofur eru að selja sjúklingum sínum lyf sem eru gefin á stofum í læknisviðtali eða seld sjúklingum sem meðferð eftir læknisviðtal á smásöluverði samkvæmt lyfjaverðskrá.

Lyfjastofnun vill taka fram að samkvæmt 1. mgr. 20. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingum, hafa þeir aðilar einir leyfi til lyfjasölu sem til þess hafa hlotið leyfi ráðherra.

Þá bendir Lyfjastofnun á að í 5. mgr. 33. gr. lyfjalaga er kveðið á um að lyfjaheildsölum sé heimilt að selja læknum lyf til notkunar á eigin stofum eða í sjúkravitjunum. Kostnaður lækna vegna slíkra lyfjakaupa fellur undir reksturskostnað.

Lyfjastofnun